

Formannafundur KAÍ 2024 var haldinn laugardaginn 17. ágúst kl. 12.00 í Félagsaðstöðu Karatedeildar Fylkis, Fylkisselinu, Norðlingaholti.

Á fundinum voru frá stjórn KAÍ: Reinharð, María, Sigþór, Elías og Ronja.

Aðrir: Anna Olsen, Afturelding, Nanna María, KAK, Eiríkur Hjartarson, Þórshamar, Gaukur Garðarsson, Breiðablik, Halldór Stefánsson, KFR, Kristján Ó. Davíðsson, Haukum, María Helga Guðmundsdóttir, Hrafnkell Freysgoði og Vilhjálmur Þór Þóruson, Breiðablik.

Dagskrá

Reinharð setti fundinn og kynnti nýjan landsliðspjálfa í kumite.

1. Kynning á nýjum landsliðspjálfa í kumite, Ruslan Sadikov.

Stjórn Karatesambandsins hefur samþykkt tillögu Landsliðsnefndar um að ráða Ruslan Sadikov frá Lettlandi sem næsta landsliðspjálfa Íslands í kumite. Hann mun hafa opnar æfingar 16. og 17. ágúst og velja landsliðshóp til að vinna með eftir seinni æfinguna í dag. Tvær æfingar með landsliðshópnum eru skipulagðar 18. Ágúst, kl. 10.30-12.00 og 13.00-14.30. Hann mun síðan velja keppendur til að taka þátt í HMU21 í Feneyjum í október og SSEKF mótinu í Mónakó í byrjun nóvember.

Ruslan fór yfir helstu áherslur í starfinu framundan.

2. Breytingar á reglugerðu um Íslandsmeistaramót.

6. gr. Hvert þátttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda til að öðlast keppnisrétt á mót. Félag verður áminnt við fyrsta skipti sem það uppfyllir ekki skilyrðin en getur verið vísað frá keppni ef það endurtekur sig.

8. gr. Á Íslandsmeistarmótum 16 ára og eldri þarf erlendur ríkisborgari að hafa búið samfelld á landinu í þrjú ár til að vera gjaldgengur til þátttöku. Erlendir ríkisborgarar geta tekið þátt í Íslandsmeistaramótum barna og unglinga í keppni fyrir 15 ára og yngri eftir eins árs samfellda búsetu á landinu.

10. gr. (Bættist við ÍM kumite) Blönduð sveit (2 karlar og 1 kona. 1 karl og 1 kona til vara).

(Bættist við:) Ef tveir eða fleiri keppendur forfallast í sama keppnisflokkum sem í voru 8 eða færri keppendur í upphafi móts má mótanefnd draga aftur í þeim flokki.

3. Mótaáætlun haustsins. Húsnæði undir mótin.

? 5./6. október 2024	3. GrandPrix mót KAÍ 2024	? 9.00 – 17.00 – KAÍ
? 9./10. nóvember 2024	Bikarmót KAÍ 2024	? 9.00 – 12.00 – KAÍ
? 9./10. nóvember 2024	Íslandsmeistaramót unglinga í Kumite 2024	? 13.00 – 16.00 – KAÍ

30. nóvember 2024	4. GrandPrix mót KAÍ 2024	Varmá 9.00 – 17.00 – Afturelding
1. desember 2024	Uppskeruhátíð KAÍ 2023	? 19.00 – 21.00 – KAÍ
25. janúar 2025	Reykjavík International Games – Karate	Laugardalshöll 9.00 – 17.00 – KAÍ

Shotokansambandið ætlar að standa fyrir Kvenna móti 16. nóvember. Nánar auglýst síðar.

4. Fulltrúar félaganna í mótanefnd.

Enn vantar fulltrúa frá mörgum félögum í mótanefnd KAÍ. Ef ekki eru tilnefndir fulltrúar frá félagi í nefndina eða sem starfsmenn á mótum má búast við að viðkomandi félag verði svipt keppnisrétti á mót á vegum KAÍ.

Vinsamlegast skráið réttindadómara á mótin tímanlega svo ekki þurfi að leita að dómurum á síðustu stundu. Stefnt að dómaramámskeiðum í vikunuim fyrir GP3 og GP4 í vetur. Lagt til að boðið verði upp á að taka þátt með fjarfundabúnaði. Vísað til dómranefndar.

Einnig væri gott að skrá keppendur sem fyrst svo hægt sé að undirbúa mótin tímanlega. Hægt er að taka út keppendur fram á daginn fyrir mót eða áður en dregið er í flokka. Eftir það eru þeir strikaðir út.

5. Önnur mál

Karatesambandið verður 40 ára 28. febrúar 2025. Stefnt að afmælishátíð í tilefni af deginum.

Karateþing 2025 fyrirhugað 1. eða 2. mars.

Fundi slitið kl. 12.40.

Fundaritari: Reinharð